




Háteigur



11. árgangur 4. tbl.

27. apríl 2007

VORHÁTÍÐ 12. MAÍ

<http://www.hateigsskoli.is>

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Gleðilegt sumar!

Nú er vorið sannanlega komið því að grundirnar gróa eins og allir sjá. Það eru mörg tækifæri til að spretta úr spori því að fjórir auka frídagar eru frá páskum fram til loka maímánaðar. Fyrst var það sumardagurinn fyrsti og í næstu viku er 1. maí. Sjálfsagt hugleiða margir þegar þeir sjá svona marga auka frídaga í röð hvort tekið sé tillit til þeirra í skipulagi skólans. Á hverju ári þegar skóladagatalið er unnið er þess gætt að ekki halli á vikudagana þegar starfsdagar og frídagar eru lagðir saman. Þannig er tryggt að fjöldi vikudaga yfir skólaárið séu sem næst jafn margir. Það leiðir hugann að því að sennilega vita fáir foreldrar hvernig skóladagatal Háteigsskóla er unnið en dagatalið snertir öll heimili í hverfinu og því mikilvægt að segja frá vinnsluferlinu.

Skóladagatalið okkar byggir á grunnskólalögum, fyrirmælum og skilyrðum sem Menntasvið Reykjavíkur setur okkur. Þessar forsendur okkar fjalla um fjölda skóladaga, fjölda starfsdaga utan kennslutímabils og innan kennslutímabils. Einnig eru okkur sett skilyrði um staðsetningu vetrarfría. Lög fjalla um hefðbundin leyfi eins og jólafrí og páskaleyfi. Þetta verður ekki rakið nánar hér. Vinnsluferli dagatalsins hefst þegar Menntaráð hefur mælt fyrir um hvenær skóli eigi að hefjast að hausti og hvenær vetrarfrí skuli tekin. Fyrsta uppkast dagatalsins sem aðstoðarskólástjóri gerir byggir á þessum forsendum, dagatali síðasta árs og hefðum skólans. Þetta uppkast er lagt fyrir kennararáð sem ræðir breytingar á almanakinu sem hafa áhrif á skóladagatalið. Fulltrúar stiganna taka síðan umræðuna upp á stigsfundum og móta tillögur sínar. Á svipuðum tíma eru fyrstu drög að skóladagatalinu kynnt fyrir foreldraráði þannig að það geti haft áhrif á niðurstöðuna með umræðu. Þar næst er tekin umræða um dagatalið á kennarafundi og línur lagðar um niðurstöðuna. Skólástjóri mótar síðan annað hvort endanlega tillögu í samráði við kennararáð eða ef uppi er ágreiningur um fleiri en eina tillögu er kosið um þær á kennarafundi og þannig verður endanleg tillaga til. Allar tillögur sem kosið er um verða að rúmast innan þeirra

skilyrða og forsenda sem dagatalinu eru settar. Þessi lokatillaga er síðan lögð fyrir foreldraráð til umsagnar en með umsögn sinni getur foreldraráðið haft áhrif, því að Menntaráð getur tekið undir rökstudda gagnrýni foreldra og meinað tillögunni framgang.

Skóladagatalið er eitt mikilvægasta stjórnþæki skólans og því þarf að vinna það mjög vel. Öllum þarf að vera ljóst að lýðræðislega hafi verið staðið að skipulagi dagatalsins og sé það gert ættu allir að geta verið nokkuð sáttir. Miðað við lýsinguna mætti halda að í þetta fari mikill tími en svo er ekki því að skóladagatalið er auðvitað ekki eina dagskrármálið á umræddum fundum.

Ég geri þetta að umræðuefni vegna þess að skóladagatal næsta skólaárs er óvenjulegt að því leyti til að þar er einungis gert ráð fyrir vetrarfrí að hausti í 5 daga. Þá verður ekki vetrarfrí í febrúar eins og í ár. Foreldraráð samþykkti þetta skipulag með því skilyrði að breytingin verði vel kynnt fyrir foreldrum. Ég vek athygli á því að haustið 2005 var einnig 5 daga vetrarfrí en þá var það sett saman úr þremur vetrarfrisdögum og tveimur starfsdögum. Dagatal næsta árs er nú til afgreiðslu hjá Menntaráði.

Ég hvet alla til að nýta þá aukafrídaga vel sem eru framundan og mæta svo á vorhátíð foreldrafélagsins sem við horfum til með eftirvæntingu og tilhlökkun. Við stefnum á magnaða stemmingu eins og venjulega og gott veður.

Látum vorið lyfta okkur á vængjum sínum inn í íslenska sumarið sem er okkur öllum svo kært.

Með vorkveðju, Ásgeir skólástjóri.

Ráðgjafi

Frá og með febrúarbyrjun hefur Sigríður Sigurðardóttir félagsráðgjafi starfað hér í skólanum í stað Valborgar námsráðgjafa sem er í ársleyfi. Sigríður er við hér alla daga frá kl. 8 – 12. Foreldrum jafnt sem nemendum er velkomið að leita til hennar á þessum tíma.

Tilfinning

Ég finn öldurnar brotna á hömrunum, fuglana fljúga á himninum.

Ég finn goluna leika við hárið í morgunsárið.

Darri Bergmann Davíðsson, 4. bekk

Vorhátíð

Laugardaginn 12. maí verður hin árlega vorhátíð foreldrafélags Háteigsskóla. Dagskráin verður með hefðbundnu sniði og hefst með skrudgöngu kl. 12:15 stundvíslega. Síðan verður karnival-stemning á skólalóðinni í góðu veðri eins og alltaf. Fjölbreytt afþreying verður í boði, eins og veltibíll, leiktæki, kaffisala, andlitsmálning og margt fleira. Vegleg dagskrá á vegum skólans verður svo innandyra, þar á meðal leiksýningar, dans- og stuttmyndasýning. Að venju verður bæði basar og tombóla á hátíðinni og við minnum fólk sem stendur í vorhreingningum að tekið verður á móti munum að morgni 12. maí. Allir eru beðnir um að taka daginn frá.

Guðlaugur Jóhannesson, formaður foreldrafélagsins.

Sumar

Sumarið er komið,
sumarsólin skín,
hún tekur völdin á ný
og blómin byrja að spretta
með gleðitárin sín.

Nína Kolbrún Gylfadóttir, 4. bekk

Vettvangsferð 17. apríl 2007

Fyrst sagði kennarinn að við ætluðum út að tína steina. Við fengum poka undir steina. Svo klæddum við okkur í útiföt. Næst fórum við í röð og gengum af stað. Við fórum á róluvöll og tíndum steina. Sumir léku sér líka. Margir sáu stórt grenitré. Síðan fórum við aftur í skólann. Við helltum steinunum í skúffur. Þetta var rosalega gaman. Að lokum skrifuðum við þetta.

Nemendurnir í 2. bekk

Blómið

Blómið er hvítt,
blómið er blítt
og blómið er fallett og hlýtt.

Sigurjón Örn Magnússon, 4. bekk

Demantsljóð

Nemendur í 6. bekk fengu það verkefni að búa til ljóð eftir vissum reglum. Ljóðið átti að vera 7 línur og nafnorð í 1., 4. og 7. línu, sagnorð í 2. og 6. línu og lýsingarorð í 3. og 5. línu. Mismörg orð í línunum; fæst fremst og aftast en flest í miðjunni. Þetta gekk ágætlega hjá mörgum eins og sýnishornin hér á eftir bera með sér:

Hestur
étur – hleypur
stór – feitur – rauður
spendýr – hestur – hey – bóndi
furðulegur – gráðugur – forvitinn
drekkur – sparkar
hryssa.

Sigurður Örn Þorsteinsson

Mauraæta
borða – hoppa
lítill – mjó – græn
maurabú – nef – tunga – mold
doppótt – leiðinleg – gráðug
slefa – smjatta
maur.

Njörður Þórhallsson

Umferðarmál

Foreldrar eru hvattir til að aka alls ekki börnum sínum í skólann, ef nokkur möguleiki er. Á bílastæðinu myndast hættuástand nálægt skólabyrjun hvern morgun. Stæðið er þá fullt af bílum foreldra og börnin skjótast fram hjá bílunum til að komast á öruggt svæði. Ef ekki verður komist hjá því að aka barninu hingað, viljum við benda foreldrum á að hleypa börnunum út við fótboltavöllinn Bólstaðarhlíðarmegin.

Sumarið er komið

Svona á það að vera:
Sólin leikur um mig,
algjörlega um mig alla,
ég sit hér úti í garði,
þar sér mig ekki nokkur.

Emma Jóhanna Vaz da Silva, 4. bekk

Frábær árangur í stærðfræðikeppni MR.

Í umfjöllun um árangur unglingadeildar Háteigsskóla í stærðfræðikeppni MR, 27. febrúar sl. féll niður frábær árangur Áslaugar Haraldsdóttur í 10. EBS, en hún náði þriðja sæti í keppni 10. bekkja. Í ljósi þess að hún var nýkomin úr langri ferð um Eþíópíu var árangurinn enn glæsilegri. Á síðasta ári náði hún öðru sæti í keppni 9. bekkinga. Til hamingju, Áslaug.

Helgi Baldursson

Sumardaginn fyrsta

Á sumardaginn fyrsta
fara allir út,
út að leika sér.
Pau busla, busla og busla
alveg fram á nótt.

Guðmundur Ágúst Heiðarsson, 4. bekk

Á Siglufirði

Ég fór til Siglufjarðar í flugvél með ömmu Maríönnu. Ég var í 13 daga, það var gaman. Ég fór að hitta frændfólk mitt. Ég sá skjaldböku sem hét Sprækur. Hann á heima í húsinu sem ég svaf í. Hann heitir Sprækur því að hann er alltaf sprækur. Ég fór í sund. Það er ný sundlaug og hún er stærri, flottari og skemmtilegri. Ég fékk pylsu eftir sundið. Síðan hitti ég Rósu og Palla sem eru frændsystkini mín. Ég hitti kanínurnar þeirra. Einn var pínulítill ungi sem er kolsvartur. Þau eiga 12 kanínur, eina kisu, þrjá hamstra og tvo Chihuahua hunda. Síðan eiga þau einn páfagauk. Þau eru mikið fyrir fótbolta og handbolta. Þau eiga einbýlishús á þremur hæðum. Það er gaman á Sigló. Síðan fór ég aftur heim með flugvél.

Marianna Hlíf Jónasdóttir, 3. bekk

Sumargleði

Á sumardag fyrsta gaman er,
snjór, rigning og slydda fer,
ég dett í grasið og velti mér,
vatnið speglast eins og þússað gler.
Einhver horfir en hver, ó, hver?

Það er sumarið.

Jón Bjarni Óskarsson, 6. bekk

∞ Spakmæli mánaðarins: ∞

Þegar maður er **unglingur**

á maður að vera orðinn nógu **fullorðinn**
til að vita að maður er bara **barn** ennþá.